

**Nr. 058 / 09 Dettifoss*****Skipverji slasast við vinnu í vélarúmi***

IMO nr. 9086801  
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál  
Stærð: 14.664 BT  
Mesta lengd: 165,60 m  
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m  
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995  
Fjöldi skipverja: 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Údráttur úr leiðarbók  
Slysaskrá frá skipi  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 16. mars 2009 var Dettifoss á siglingu frá Færeyjum til Íslands. Veður: VSV 20–24 m/sek.

Vélavörður var að vinna við smergel með vírskífu í vélarúmi þegar skipið tók snögga veltu en við það missti hann jafnvægið og féll með vinstri handabak á smergelið. Hann fékk djúpt sár á handarbakið og varð óvinnufær.

**Við rannsókn kom fram:**

- að umhverfið var hreint og ekki hált;
- að vélavörðurinn var með vettlinga en þeir veittu enga vörn;
- að hlíf var yfir smergelinu til að varna því að kvarn færi ekki í augu.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.